

Samúel Þorsteinsson

Fagurt galaði fuglinn sá...

Námsefni í tónmennt fyrir
mið - og unglíngastig
um íslensk þjóðlög

© Samúel Þorsteinsson

Vor 2009

Ljósmyndir: © Örn Arnarson

Efnisyfirlit

Formáli.	4
Þakkir.	5
Um bókina.	6
1. Kaffi – Arfurinn.	9
• Þjóðlög.	10
• Nú vil ég enn í nafni þínu.	11
• Þjóðlagasöfnun.	12
• Blástjarnan.	13
• Séra Bjarni Þorsteinsson.	14
• Komdu nú að kveðast á.	15
• Sagnadansar.	16
• Ásukvæði.	17
• Tvísöngur.	18
• Ísland farsælda frón.	19
• Hljóðfærin.	20
• Einsetumaður einu sinni.	21
2. Kaffi – Útsetningar.	23
• Útsetningar.	24
• Móðir mín í kví kví.	25
• Hverjir hafa útsett.	26
• Krummi svaf í klettagjá.	27
• Hljóðfæri í útsetningum.	28
• Á sprengisandi.	29
• Stílar.	30
• Dýravísur.	31
• Þjóðlagasetrið.	32
• Sofðu unga ástin mín.	33
• Tölvur.	34
• Kvölda tekur sest er sól.	35
• Myndbönd.	36
• Krummi krunkar úti.	37
• Áframhaldandi vinna.	38
Fylgiskjöl.	39
• Píanóhljómar.	40
• Gítarhljómar.	41
• Trommutaktar.	42
• Blúshljómar.	43
• Útsetningar.	44
• Textagerð.	45
• Lagasmíðar.	46
• Myndbönd.	47
• Hlustunarefni.	48
• Heimildaskrá.	50

Formáli

Þessi bók er lokaverkefni mitt frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Í bókinni, sem er ætluð sem náms- og kennsluefni í tónmennt á mið- eða unglíngastigi grunnskóla, er að finna nokkur íslensk þjóðlög og hugmyndir til að vinna með þau. Einnig er hér að finna ýmsan fróðleik sem tengist þessum menningararfi okkar sem íslensku þjóðlögin eru. Ástæður þess að ég valdi að gera þessa bók sem lokaverkefni eru þær helstar að mér finnst ekki vera nógu mikið af aðgengilegu kennsluefni í tónmennt. Þar fyrir utan hef ég brennandi áhuga á að nota íslensk þjóðlög í kennslu og þó svo að það sé töluvert mikið af íslenskum þjóðlögum í eldra kennsluefni þá fannst mér vanta bók sem tæki bara á þessum flokki tónlistar.

Þjóðlögin okkar eru mjög merkileg og því er það skoðun mín að við ættum að gera þeim hátt undir höfði. Við lifum á tímum tækni og þróunar, þar sem að heimurinn minnkar dag frá degi með framförum á sviði samgangna og fjarskiptatækni. Þó svo að það sé kannski ekkert slæmt að segja um tækni og framfarir held ég að við verðum samt að muna eftir rótunum okkar. Við megum ekki gleyma hvaðan við komum og á hvaða gildum þetta samfélag hefur byggst upp á í gegnum aldirnar. Að þessu sögðu tel ég það skyldu okkar kennaranna að upphefja og halda í heiðri þeim þjóðlegu listum og fræðum sem við eigum til. Þetta á auðvitað ekki einungis við um þjóðlög heldur líka þjóðsögur, þjóðdansa, þulur og alls lags fræði er tengjast sögu lands og þjóðar.

Rit þetta mun vonandi nýtast tónmenntakennurum. Mest not vona ég þó að nemendur í grunnskólunum hafi af bókinni, að æska landsins fái innsýn í líf forfedra sinna og söngsögu landsins.

Kærar þakkir:

Berta Ellertsdóttir - Prófarkalestur, útlitsráðgjöf og aðstoð við uppsetningu.

Einar S. Sigurðsson - Prófarkalestur.

Flosi Einarsson - Aðstoð við hljómasetningu og prófarkalestur nótna.

Kolfinna Sigurvinsdóttir - Danslýsing.

Listamönnum - sem eiga útsetningar á geisladiskum.

Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir - Prófarkalestur.

Samnemendur - Fyrir að leyfa mér að nota þjóðlagaútsetningar.

Skúli Gestsson - Tæknileg aðstoð og trommutaktalýsing.

Stjórnendum og nemendum Heiðarskóla Hvalfjarðarsveit - bókalán og myndatökur

Valgeir Sigurðsson - Tæknileg ráðgjöf.

Viðtökukennurum mínum í vettvangsnámi - Ráðgjöf.

Þorsteinn Gunnar Pétursson - Tölvulán og tæknilega aðstoð.

Örn Arnarson - Ljósmyndir, tæknileg ráðgjöf, aðstoð við uppsetningu og hönnun.

Örn Magnússon - Prófarkalestur nótna, hljóðfærалеikur og ráðgjöf.

Leibeinandi minn við þetta lokaverkefni var Helga Rut Guðmundsdóttir. Henni kann ég bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldu og tengdafjölskyldu fyrir veittan stuðning og þolinmæði. Sem og öllum þeim sem veitt hafa mér innblástur og innsýn í þetta verk.

Um bókina:

Eins og kom fram í formálanum þá er þessari bók ætlað að vera námsefni í tónmennt og er hugsuð fyrir miðstig og unglingsstig. Bókin getur að vísu alveg hentað að einhverju leyti fyrir yngsta stig, í það minnsta sem söngbók. Ég hef kosið að setja bókina upp í tvo hluta. Í fyrri hlutanum eru sex lög sem eru ekki eins þekkt meðal barna og lögin í seinni hlutanum. Þessi sex lög sýna mismunandi tegundir þjóðlaga, þarna er eitt tvísöngslag, eitt kvæðalag, eitt sagnadansa lag, eitt með trúarlegum texta og tvö með textum sem fjalla um veraldlegri efni. Með lögnum eru fróðleiksmolar um íslensk þjóðlög og ýmislegt sem tengist þeim. Í seinni hluta bókarinnar eru sjö lög sem flest börn þekkja.

Seinni hlutinn snýr meira að útsetningum á íslenskum þjóðlögum og því er með þeim lögum aðallega fræðsla um útsetningar og ýmislegt tengt þeim. Með bókinni fylgja tveir geisladiskar. Á fyrri disknum eru hlustunardæmi þar sem spilað er á langspil, íslenska fiðlu og symfón og er það Örn Magnússon sem spilar (CD 1 - nr. 1-5). Auk þess sem að laglínur allra laganna spilaðar á píanó fylgja með. Seinni diskurinn inniheldur ýmsar útsetningar sem gerðar hafa verið af íslenskum þjóðlögum. Þessar útsetningar eru sýnishorn um það sem hægt er að gera með þjóðlögin okkar. Við val á þessum útsetningum reyndi ég að hafa það að leiðarljósi að velja ekki mörg lög eftir sama útsetjarann til að gefa sem fjölbreyttasta mynd af möguleikunum. Með sumum lögnum eru fleiri en eitt dæmi um útsetningar. Þess má líka geta að upptökur á þessum útsetningum eru misgóðar.

Ég myndi kjósa að kenna bókina eins og hún er sett upp, það er að segja að byrja á byrjuninni og fara í gegnum hana alla. Þetta myndi ég gera vegna þess að það er stígandi í bókinni. Lög eitt til fjögur í fyrri hlutanum eru til að mynda nokkuð einföld en síðustu tvö lögin eru heldur erfiðari. Sama má segja um seinni hlutann, þar koma einfaldari útsetningar fyrst og síðan heldur flóknari. Það getur þó vel verið að einhverjir vilji bara kenna hluta af bókinni, eða þá kenna hana í annarri röð og er öllum það frjálst. Við erum ekki öll steipt í sama mót og það getur verið misjafnt hvað hentar hverjum og einum.

Með lögnum þrettán, sem ég hef nóterað upp, set ég bókstafshljóma til að auðvelt sé að spila undir. Ég reyndi að hafa hljómasetninguna eins einfalda og ég gat svo að sem flestir gætu spilað undir. Það er síðan öllum í sjálfsveld sett hvort þeir vilji gera hljómasetninguna flóknari. Þá fylgja einnig með upplýsingar um hvernig eigi að

spila hljómana á píanó og gítar (sjá fylgiskjöl 1 og 2). Fylgiskjal þrjú inniheldur nokkur form af trommutöktum sem gæti verið gott að nota við útsetningar. Fjórða fylgiskjalið er síðan með upplýsingar um blúsform ef áhugi er fyrir því að blúsa einhver þjóðlög.

Með öllum lögnum er ein tónfræðisurning sem ágætt er að skoða áður en lagið er kennt. Þessar spurningar eru ætlaðar sem upprifjun og umræðupunktur um tónfræði. Miðstignemendur eiga samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* að hafa lært þessi tákni (Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:29). Þess vegna er tónfræðihornið frekar ætlað sem upprifjun en frumkennsla í tónfræði. Tónfræðitáknin voru valin með tilliti til þess hvort þau væru í viðkomandi lagi.

Þó að hér sé fyrst og fremst um að ræða námsefni í tónmennt fannst mér kjörið að benda á leiðir til að samþætta efnið öðrum námsgreinum grunnskólans. Þær námsgreinar sem námsefnið tengist með mismiklu móti eru íslenska, samfélagsfræði, dans, upplýsingatækni og leikræn tjáning. Þessar tengingar eru meðal annars styrktar með orðabókaverkefnum, sagnfræðilegum fróðleiksmolum og danslýsingu. Ég vona að sem flestir kennarar geti nýtt þetta námsefni og að það geti stuðlað að því að efla vinnu með þjóðlögin okkar.

Kafli 1

Arfurinn



Íslensk fiðla í eigu Arnar Magnússonar

Þjóðlög:

Þjóðlög allra þjóða eiga það sameiginlegt að hafa annars vegar orðið til hjá þjóðinni án þess að nokkur viti hver samdi þau, hvar þau urðu til eða hvenær. Hins vegar að lagið hafi verið mjög lengi meðal þjóðarinnar og tekið greinilegum breytingum hjá henni þó svo að það sé vel hægt að sanna að sum þjóðlaganna séu frá öðrum löndum komin. Eins og sagði hér að ofan þá eru þjóðlögin ekki eftir einhvern einn heldur hafa þau fæðst hjá þjóðinni. Einn hefur raulað lagið fyrir annan og þannig hefur það breyst að einhverju leyti frá manni til manns þangað til það var farið að skrá þau niður. Meðan lögin geymdust í munnlegri geymd þjóðarinnar er líklegt að lengri og flóknari lögin hafi breyst meira eða verið lengur að myndast í þá mynd sem við þekkjum þau í. Stytttri og einfaldari lög hafa sennilega mótast á skemmri tíma og fest í því móti sem við þekkjum þau í dag.

Íslensk þjóðlög eru að mörgu leyti frábrugðin þjóðlögum annarra landa og skiptir þar mestu einangrun þjóðarinnar fram eftir öldum. Elstu lögin í bók séra Bjarna Þorsteinssonar, *Íslensk þjóðlög* sem eru margra alda gömul, eru ekki svo ólík lögnum sem yngri teljast. Meðan að miklar tónlistarlegar framfarir áttu sér stað á 17. og 18. öld í Evrópu héldum við áfram að syngja það sem við kunnum og það sem þjóðlegt var (Bjarni Þorsteinsson 1906 - 1909:1-2). Tvisöngur lagðist til dæmis nánast af í álfunni. Um tíma bönnuðu kirkjunnarmenn í Evrópu þann tvisöng sem menn iðkuðu hér á landi. Það þótti nefnilega ekki fínt að syngja samstíga fimmundir og svo voru menn hræddir við tónbilið stækkuð ferund sem þeir kölluðu Diabolus in musica eða tónskratta. Þessar reglur náðu þó aldrei að Íslandsströndum og hér sungu menn þjóðlög sín og tvisöng eins og þeim hentaði. Því má segja að eins og með tungumálið okkar, sem hefur varðveist svo vel vegna einangrunar þjóðarinnar, gildi það sama um þjóðlögin okkar (Bjarni Þorsteinsson 1906 - 1909:768, 771-772).

Íslenskum þjóðlögum er jafnan skipt upp í nokkra flokka og eru þeir helstu sem hér segir: rímnalög, tvisöngslög, gömul sálmalög, lög við allskonar kvæði og lög við þulur og barnagælur. Á þessum flokkum eru ekki skýr skil og vissulega er hægt að flokka þjóðlög mun nánar (Pétur Hafþór Jónson o.fl. 1983:8).

Orðabókin:



Hvað þýðir sögnin að sýta?

Textinn við þetta lag er eftir Hallgrím Pétursson sem lengi var prestur að Saurbæ í Hvalfirði. Hallgrímur var mikið skáld og er frægastur fyrir að hafa ort Passíusálma um þíslargöngu Krists og Heilræðavísur.



CD 1 - nr. 1 og 5
CD 2 - nr. 1 og 2

Hallgrímur Pétursson

Nú vil ég enn í nafni þínu

Íslenskt þjóðlag

Dm Gm C Dm

Nú vil ég enn í nafn - i þín - u, náð - ug-i guð, sem létt - ir þín - u,

5 B Gm A Dm A Dm

mér að minn - i hvíl - u halla' og heiðr - a þig fyr-ir gæsk - u all - a,

þáða' af þér á þessum degi,
því er skylt ég gleymi eigi;
en ég má það aumur játa,
angri vafinn sýta' og gráta:

Móðgað hef ég margfaldlega
mildi þína guðdómlega.
Útslétt mínar syndir svartar,
sundurkramið lækna hjarta.



Tónfræðihornið:

Hvað heita línur og bil sem að nótur eru settar á?



Hallgrímskirkja í Saurbæ.

Þjóðlagasöfnun:

Þjóðlagasöfnun fór frekar seint af stað á Íslandi miðað við nágrannalönd okkar og líklegt verður að teljast að þó nokkuð af þeim hafi tapast af þeim sökum. Það hefur verið erfið vinna í jafn strjálbýlu landi að safna saman þjóðlögum okkar og því hljóta þeir, sem lögðu slíka söfnun á sig, að hafa verið miklir hugsjónamenn.

Séra Bjarni Þorsteinsson varð fyrstur til að safna íslenskum þjóðlögum en fleiri hafa fylgt í kjölfarið. Sem dæmi má nefna Jón Leifs sem notaði þjóðlögin mikið í tónverk sín og sem innblástur að tónverkum. Dr. Hallgrímur Helgason ferðaðist einnig um landið og safnaði þjóðlögum sem hann síðan gaf út eftir að hafa raddsett þau. Margir fleiri hafa sjálfsgagt lagt sitt af mörkum í þjóðlagasöfnun þó þeir séu ekki nefndir á nafn hér. Eins og áður sagði þá var það séra Bjarni Þorsteinsson sem var frumkvöðull í því að safna saman og gefa út íslensk þjóðlög. Hann gaf út um þúsund blaðsíðna bók sem heitir einfaldlega *Íslensk þjóðlög* og er afrakstur rúmlega tuttugu og fimm ára vinnu. Þessi bók inniheldur mörg íslensk þjóðlög, fróðleik tengdan þeim og íslenskri tónlistarsögu (Pétur Hafþór Jónson o.fl. 1983:31). Frá séra Bjarna og bók hans verður betur greint síðar



Orðabókin:

Hvað þýðir orðið *tindra*?

Þetta fallega lag fer vel með ástarvísunni eftir Bjarna Thorarensen. Textinn lýsir því að engar stjörnur á himninum séu fegurri en augun í Svöfu.



CD 1 - nr. 2 og 6

CD 2 - nr. 3 og 4

Bjarni Thorarensen **Blástjarnan þótt skarti skær** Íslenskt þjóðlag

Am Em Dm Am Dm C G

Blá - stjarn - an þótt skart - i skær, hún skal ei fram - ar pín -

8 Am Dm E Am E Dm F Dm

a, sjón mín - a, því aðr - ar fegr - i er - u tvær, er mér

16 C Dm E C F G

tindr - a mikl - u nær, og und - ir Svöf - u

21 Am E Am E Am

augn - a - brún - um skín - a.



Tónfræðihornið:

Hvað heitir þetta merki?



Séra Bjarni Þorsteinsson:

Bjarni Þorsteinsson fæddist 14. október árið 1861 á Mel í Hraunhreppi í Mýrasýslu. Eftir fermingu fluttist hann til Reykjavíkur þar sem hann stundaði síðan nám í Latínuskólanum. Þegar Bjarni var í Latínuskólanum hóf hann einnig tónlistarnám. Reyndar kunni hann ýmislegt fyrir sér á því sviði enda mikið um söngfólk í kringum hann. Á þessum árum gekk hann í söngfélagið Hörpu og lærði auk þess á orgel. Bjarni útskrifaðist úr Latínuskólanum árið 1883 og stundaði ýmis störf eftir það. Fljótlega eftir útskrift fékk hann starf sem sýsluskrifari hjá sýslumanninum á Kornsa í Vatnsdal sem hét Lárus Blöndal. Þar kynntist Bjarni verðandi eiginkonu sinni, Sigríði dóttur Lárusar. Sigríður þessi var einnig mikil tónlistarkona og í þjóðlagasafni Bjarna eru að minnsta kosti tíu lög sem hann skrifar upp eftir henni. Bjarni lærði síðan til prests og var vígður prestur á Siglufirði árið 1888. Hann bjó fyrstu árin ásamt konu sinni í Maddömuhúsi sem núna hýsir Þjóðlagasetrið á Siglufirði. Frá þessu safni verður sagt betur frá síðar í bókinni. Hann gegndi prestþjónustu á Siglufirði í fjórtíu og sjö ár en síðustu ár ævi sinnar bjó Bjarni í Reykjavík þar sem hann lést árið 1938.

Formleg þjóðlagasöfnun séra Bjarna stóð í tuttugu og fimm ár, frá árinu 1880 til ársins 1905. Hann ferðaðist um landið og skrifaði upp lög eftir fólki og stóð einnig í bréfaskriftum við fólk um allt land sem sendi honum lög bréfleiddis. Þá fór hann einnig í rannsóknarferðir til Danmerkur og Svíþjóðar. Í þessum löndum skoðaði hann gömul íslensk handrit sem höfðu að geyma tónlist og eða fróðleik um íslenska tónlist. Það hefur vafalaust verið mikil vinna fyrir einn mann svo ekki sé nú talað um hversu illa honum gekk að fá peningastyrki til þessa verks. Ávöxt erfiðis síns uppskar Bjarni í útgáfu bókarinnar *Íslensk þjóðlög*, um þúsund blaðsíðna bók með fjöldanum öllum af þjóðlögum og fróðleik þeim tengdum. Bókin var gefin út á árunum 1906 – 1909 af Carlsbergsjóðnum í Danmörku og ætti helst að vera skyldueign hverjum íslenskum tónlistarunnanda.

Bjarni safnaði ekki einungis þjóðlögum. Hann var líka tónskáld og samdi fjölbreytt verk sem sum hafa orðið mjög þekkt eins og *Blessuð sértu sveitin mín* og *Ég vil elska mitt land*. Þá samdi hann líka hátíðarsöngva sem enn eru sungnir í mörgum kirkjum landsins við hátíðaguðsþjónustur. Við Íslendingar eigum séra Bjarna mikið að þakka og án hans værum við sennilega mun fátækari af íslenskum tónfræðum (Pétur Hafþór Jónson o.fl. 1983:29-31) og (Gunnsteinn Ólafsson 2006:2).

Þessar vísur og fleiri voru oft kveðnar við þetta lag þegar menn voru að byrja að kveðast á. Að kveðast á er að fara með vísubrot og vera svarað í öðru vísubroti sem passar við fyrri hlutann. Einnig geta menn kastað á milli sín fullbúnum vísum.



CD 1 - nr. 7

CD 2 - nr. 5

Óþekktur

Komdu nú að kveðast á

Íslenskt þjóðlag

F B F C⁷

Komd - u nú að kveð - ast á, kapp - inn ef þú get - ur;

8 F C F F C F C F

Látt - u gang - a ljóð - a - skrá ljóst í all - an vet - ur

Komdu nú að kveðast á
kappinn dyggða snauður;
annarhvor skal okkar þá
eftir liggja dauður.

Komdu nú að kveðast á
kvæðin okkar stór og smá;
eitthvað það, sem ekki er last
eigum við að skanderast



Tónfræðihornið:

Hvað heita þessar nótur?



Orðabókin:

Hvað þýðir að vera snauður?

Vikivaki

Vikivaka tengja menn í dag helst við Færeyjar en við Íslendingar dönsuðum líka Vikivaka. Sérstaklega voru Vikivakadansar vinsælir á 17. og 18. öld en þá fóru klerkar landsins að fetta fingur út í þessa dægrastyttingu og lagðist hún þá nánast af (Gunnsteinn Ólafsson 2006:7-8).

Vikivaki er hringdans og hér fyrir neðan er lýsing á Vikivakaspori sem dansa má við Ásukvæði. Danslýsinguna fékk ég hjá Kolfinnu Sigurvinsdóttur danskennara.

Vikivakaspor (það einfaldasta) er byggt á sex göngusporum. Í upphafi snúa allir í hringnum á ská til vinstri (u.þ.b. 1/8 inn í hring). Vinstri fæti er stigið fram (1) hægri fótur að vinstri fæti (2) vinstra fæti stigið fram á ný (3) hægri fæti stigið að vinstri fæti án þunga (4) hægri fæti stigið fram og lítið eitt inn í hringinn (5) vinstri fæti stigið að hægri fæti án þunga (6).



Orðabókin:

Hvað þýðir orðið *farvel*?

Þetta er eitt af íslensku fornkvæðunum og textinn segir áhugaverða sögu af átökum Ásu við þræl nokkurn.



CD 1 - nr. 8

CD 2 - nr. 6

Íslenskt þjóðkvæði

Ása gekk um stræti

Íslenskt þjóðlag

Einn Allir Einn

G C G D G C D C D

Ás - a gekk um stræ - ti. Far-vel fley. Heyrð' hún fög-ur læt - i. Við

Allir Allir

6 G D D G C D G

Sikil - ey; fög-ur um tjöld-um slógu þau und - ir Sáms - ey.

Ása gekk í húsið inn farvel fley.
Sá hún þrælinn bundinn við Sikiley;
Fögurum tjöldum slógu þau undir Sámsey.

Heil og sæl Ása mín farvel fley.
Nú ertu komin að leysa mig við Sikiley;
Fögurum tjöldum slógu þau undir Sámsey.

Ei þori ég að leysa þig farvel fley.
Ég veit ei nema' þú svíkir mig við Sikiley.
Fögurum tjöldum slógu þau undir Sámsey.

Viti það hinn ríki farvel fley
að hvorugt annað svíki við Sikiley.
Fögurum tjöldum slógu þau undir Sámsey.

Leysti' hún bönd af hans hönd farvel fley
og fjötur af hans fótum við Sikiley.
Fögurum tjöldum slógu þau undir Sámsey.

Nú ertu búin að leysa mig farvel fley.
Aldrei skal ég sleppa þér við Sikiley
fögurum tjöldum slógu þau undir Sámsey.

Biðdu mín svolitla stund farvel fley
meðan ég geng í grænan lund við Sikiley.
Fögurum tjöldum slógu þau undir Sámsey.

Hann beið hennar langa stund farvel fley.
Aldrei kom hún á hans fund við Sikiley.
Fögurum tjöldum slógu þau undir Sámsey.



Tónfræðihornið:

Hvað heita þessar þagnir?



Tvísöngur:

Tvísöngurinn er merkilegasti hluti þjóðlaga okkar Íslendinga. Í bók sinni *Íslensk þjóðlög* heldur séra Bjarni Því fram að tvísöngurinn sé jafn íslenskur og íslenska málið sem við tölum og ritum. Fyrir þessu færir hann ágæt rök sem eru eitthvað á þá leið að tvísöngurinn hafi flust til Íslands á landnámsöld. Síðan hafi hann dáið út í öðrum löndum en lifað hér áfram eins og samnorrena tungumálið sem var talað á Norðurlöndum fyrir á öldum en kallast nú íslenska (Bjarni Þorsteinsson 1906-1909:764).

Tvísöngur er eins og nafnið gefur til kynna tvíraddaður söngur. Þá er önnur röddin laglínan sjálf en hin röddin fylgirödd og fylgjast raddirnar tvær oftast að í samstíga fimmundum. Það er að segja að önnur röddin syngur fimmund ofar en hin. Tvísöngur er bæði sunginn af hópum og tveimur einstaklingum. Þegar tveir syngja saman, og ef þeir eru báðir vel sönghæfir, skiptast þeir gjarnan á að fara upp og syngja fylgiröddina (Bjarni Þorsteinsson 1906-1909:764). Í laginu hér á næstu blaðsíðu, sem er við þetta fallega kvæði eftir listaskáldið góða Jónas Hallgrímsson, sjáið þið dæmi um það hvernig báðar raddirnar byrja á sama tón en síðan lækkar fylgiröddin um fimmund. Síðar í laginu fer síðan fylgiröddin upp fyrir laglínuna.

Tvísöngslög eru nokkuð erfið og það getur verið mjög krefjandi að láta nemendur syngja þetta lag. Best er að kenna línurnar tvær í sitthvoru lagi áður en þær eru sungnar saman. Þá gæti einnig hugsast að fyrst um sinn syngi kennarinn aðra línuna en nemendur hina.



Orðabókin:

Hvað þýðir orðið *leiftur*?

Hér er gott dæmi um lag og ljóð sem passa fullkomlega saman. Listaskáldið góða Jónas Hallgrímsson samdi textann sem fylgir þessu þjóðlagi



CD 1 - nr. 9

CD 2 - nr. 7 og 8

Jónas Hallgrímsson

Ísland farsælda frón

Þjóðlag

Fylgirödd

Laglína

6

Fylgirödd

Laglína

9

Fylgirödd

Laglína

Ís - land far - sæld-a frón og hag - sæld-a hrim - hvít-a
mód - ir! Hvar er þín forn - ald - ar frægð,
frels - ið og mann - dáð - in best?

Allt er í heiminum hverfult
og stund þíns fegursta frama
lýsir sem leiftur um nótt,
langt fram á horfinni öld.

Landið var fagurt og frítt
og fannhvítir jöklanna tindar,
himininn heiður og blár,
hafið var skínandi bjart



Tónfræðihornið:

Hvað heita þessi takttegundarmerki?



Hljóðfæri:

Íslendingar voru ekki ríkir af hljóðfærum fram eftir öldum. Elstu hljóðfæri Íslendinga eru íslensk fiðla, symfón, ýmis ásláttarhljóðfæri og langspil. Af þessum hljóðfærum er langspilið sennilega frægast í dag og því næst íslenska fiðlan.

Langspilið er komið frá Noregi en þar á það systurhljóðfæri með sama nafn eða



Langspil í eigu Arnar Magnússonar

langeileik. Á langspil var ýmist spilað með boga eða slegli og undir einum streng (laglínustrengnum) var gripbretti sem ýmist var díotonískt eða kromatískt. Aukastrengir gátu verið einn til þrjár og gegndu því hlutverki að vera bordún bassastrengir og er það fyrsta form margróddunar í íslenskri tónlist.

Íslenska fiðlan var með tveimur strengjum og var einnig notaður bogi til að spila á hana. Mismunandi tónar fengust með því að halda nögl undir öðrum strengnum og færa hendina ýmist upp eða niður eftir strengnum. Hinn strengurinn var bassastrengur og myndaði undirliggjandi tón eða bordún (Smári Ólason 2004:374-375).

Á þessum tímum fór fólk ekki út í hljóðfærabúð og keypti sér hljóðfæri. Flestir smíðuðu sín eigin hljóðfæri og voru þau oft frekar fátækleg og hljómlítill eftir því. Á 19. öld fór að bera á fleiri hljóðfærum og þá innfluttum. Má þar helst nefna harmónikkur, gítara, munnhörpur, orgel og flautur. Auk þess sem að í Suður-Þingeyjarsýslu var töluvert mikill áhugi á fiðluleik og ýmist smíðuðu menn sér sjálfir fiðlur að evrópskri fyrirmynd eða létu panta þær fyrir sig frá Danmörku. Ef Íslendingar höfðu ekki aðgang að hljóðfærum þá spiluðu þeir bara á greiður (Gunnsteinn Ólafsson 2006:3-4).

Þó svo að þessi íslensku hljóðfæri hafi nánast horfið af sjónarsviðinu hefur orðið töluverð vakning meðal tónlistarmanna og nokkrir hafa látið smíða fyrir sig eða smíðað sjálfir langspil, fiðlur og önnur forn hljóðfæri. Meðal þeirra sem slíkt hafa gert má nefna Spilmenn Ríkínis sem spila íslensk þjóðlög á forn hljóðfæri. Spilmennirnir nefna hljómsveitina eftir Ríkíni nokkrum sem jafnan er talinn fyrsti formlegi tónmenntakennari Íslandssögunnar.



Symfón í eigu Arnar Magnússonar

Textinn segir frá einsetumanni sem gleymdi sér og tímanum við það að hlusta á fuglasöng. Þegar hann rankaði síðan við sér og sneri til baka voru þúsund ár liðin. Þetta er lengsta lagið í bókinni og nokkuð flókið. Það gæti hentað vel að kenna það í bótum.



CD 1 - nr. 10

CD 2 - nr. 9 og 10

Einsetu maður einu sinni

Guðmundur Bergþórsson

Íslenskt þjóðlag

D E D E D D E F#m E A

Ein-set-u mað-ur ein-u sinn-i út réð gang' afskemm-u sinn-i;
 Sá við fugl-inn svo réð inn-a, senn mun mál til hús-a minn-a,
 þús-und ár-a þinn-a hag-ur þar finnst ekk-i lengr'en dag-ur,

11 A E F#m D Hm E A D E A D E Hm

lund-er sagt hann fyrir sér finn-i, fjaðr-a veif-ir sat þar á; fag-urt
 dag-ur-inn mun ljúf-ur linn-a, lyst-ir mig því heim að ná; fag-urt
 enlg-a söngur-inn yfr-ið fag-ur oss lát þang-að drott-inn ná; fag-urt

21 D E F#m D A E A E

gal-að-i fugl-inn sá; hann söng þar upp' á sáð-björk-inn-i sætt í
 gal-að-i fugl-inn sá; ég hinkr-a vegn-a hljóð-a þinn-a helst í
 gal-að-i fugl-inn sá; upp í naust fer bág-ur brag-ur. Boðn-ar

30 F#m E D A D Hm D E D

þess-um lund-i; list-a-mað-ur-inn leng-i þar við und-i.
 þess-um lund-i; list-a-mað-ur-inn leng-i þar við und-i.
 hafs af sund-i; list-a-mað-ur-inn leng-i þar við und-i.

Tónfræðihornið:

Hvað þýðir þetta merki?



- Orðabókin:

Hvað þýðir orðið *fjaðraveifur*?

Kafli 2

Útsetningar



Útsetningar:

Að mörgu leyti má bera lagasmíðar saman við húsasmíðar. Þegar hús er byggt þarf fyrst að huga að grunninum sem er síðan byggt ofan á. Þetta sama á við um lagasmíðar, við byggjum lagið frá grunninum upp í topp. Hvað eru þá útsetningar? Fyrst að það er hægt að líkja lagasmíðum við húsasmíðar þá er vel hægt að líkja útsetningum við húsamálun. Það er að segja við tökum sama gamla góða lagið og veljum því nýjan lit alveg eins og við myndum gera við húsið okkar. Það fer svo eftir því hversu vel við málum og hversu góðan lit við veljum hver útkoman verður.

Margt þarf að hafa í huga þegar lagst er í útsetningar hvort sem er á þjóðlögum eða annarri tónlist. Það þarf að skoða hvernig lagið hljómaði upprunalega ef það er hægt, þá gæti líka verið ágætt að hlusta á aðrar útsetningar til þess að sjá hvað er búið að gera. Virðing fyrir laginu sem á að útsetja er mjög mikilvæg til þess að einkenni upprunalega lagsins skíni í gegn. Auk þess er mikilvægt að skoða texta lagsins vel og sjá hvaða sögu hann hefur að segja og passa síðan að útsetningin styðji undir þá sögu. Að þessu sögðu er um að gera að nota ímyndunaraflið og skemmta sér við að búa til útsetningu sem maður er ánægður með. Gaman gæti verið að semja brýr milli erinda í útsetningum til að auka fjölbreytileika lagsins. Þessar brýr þurfa ekki að vera flóknar til að setja skemmtilegan svip á lagið (Bára Grímsdóttir 2007:5).



 **Orðabókin:**
Hvað er *dula*?

Þetta lag er ekki til í Þjóðlagasafni Bjarna og er vísan höfð við annað lag í þeirri bók. Lagið eins og það er hér er tekið úr bókinni hennar Engel Lund og segist hún hafa lært það einhversstaðar en man ekki hvar (Lund og Rauter 1998:38).



CD 1 - nr. 11

CD 2 - nr. 11 og 12

Íslenskt þjóðvísa **Móðir mín í kví, kví** Íslenskt þjóðlag

Dm A Dm

Móð-ir mín í kví, kví, kvídd-u ekk-i því því. Ég skal ljá þér

6 A Dm

dul - un - a mín - a dul - un - a mín-a að dan - sa í. Ég skal ljá þér

10 A Dm

dul - un - a mín - a, dul - un - a mín - a að dan - sa í

Fylgiskjal fimm er eyðublað þar sem hægt er að skrá niður hugmyndir um útsetningar. Þetta blað er ágætt að ljósrita og fylla út þegar útsetningar eru unnar til þess að búa til ramma utan um þær.

Ef að nemendur eru vanir að útsetja lög er hægt að byrja á flóknum útsetningum. Fyrir þá sem ekki eru eins vanir að útsetja þá gæti verið ágætt að byrja á að útsetja hrynmynstur og syngja laglínuna. Fyrst væri áhugavert að gera hryninn sem kroppa klapp og færa hann síðan yfir á hrynhljóðfæri.



Tónfræðihornið:

Hvað þýðir þetta merki?



Hverjir hafa útsett?

Fjöl margar útsetningar hafa verið gerðar á íslenskum þjóðlögum. Framan af tuttugustu öldinni var aðallega útsett fyrir kóra og svo fyrir píanó og einsöng. Í seinni tíð hafa útsetningarnar orðið fjölbreyttari og tónlistarmenn hafa nýtt sér hinar ýmsu stefnur tónlistarinnar til að útsetja þjóðlögin okkar. Jón Leifs, sem er eitt af helstu tónskáldum okkar Íslendinga, var mjög iðinn við að útsetja þjóðlög og líka að nota hluta þeirra í tónverk sín. Jórunn Viðar hefur einnig sótt sér efnivið í íslensku þjóðlögin og notað í tónverk sín.

Margir aðrir hafa útsett og hér er alls ekki um tæmandi lista að ræða, ég nefni bara nokkra til sögunnar. Jón Ásgeirsson hefur útsett töluvert fyrir kóra. Ferdinand Rauter útsetti töluvert af þjóðlögum sem konan hans, Engel Lund, söng. Þessar útsetningar Rauters hafa bæði verið gefnar út í bók og svo hefur einnig verið gefinn út geisladiskur þar sem hann spilar og Lund syngur þessar útsetningar. Guitar Islancio hafa gert vel heppnaðar jass hljóðfæraútsetningar á þjóðlögum. Ragnheiður Gröndal tók upp og lét gefa út geisladisk með útsetningum eftir sig sem eru nokkuð poppaðar. Hinn íslenski Þursaflokkur gerði rokkútgáfur af mörgum þjóðlögum. Ríó tríóið, Mugison og fjölmargir aðrir hafa einnig ljáð þjóðlögum raddir sínar. Það er mjög mikið til af þjóðlögum og um að gera að sem flestir geri sér mat úr því að fást við útsetningar á þeim.



Orðabókin:

Hvað merkir að vera frár?

Mörg skáld hafa ort um hrafninn og flestir kunna nokkur lög þar sem minnst er á hann í textanum. Þetta er þó sennilega með þeim frægari enda fara ljóð og lag afskaplega vel saman.



CD 1 - nr. 12

CD 2 - nr. 13 og 14

Jón Thoroddsen

Krummi svaf í klettagjá

Íslenskt þjóðlag

Em

5

Krumm-i svaf í klett - a gjá kaldr - i vetr - ar nótt - u á
 fyrir en dag - ur fag - ur rann freð - ið nef - ið dreg - ur hann

verð - ur margt að mein i, — verð - ur margt að mein - i;
 und - an stór - um stein - i, — und - an stór - um stein - i.

Allt er frosið úti gor,
 ekkert fæst við ströndu mor
 ;: svengd er metti mína ;:
 ef að húsum heim ég fer
 heimafrakkur bannar mér
 ;: seppi úr sorpi að tína. ;:

Öll er þakin ísi jörð,
 ekki sér á holtaborð
 ;: fleygir fuglar geta, ;:
 enn þó leiti út um mó,
 auða hvergi lýtur tó,
 ;: hvað á hrafn að eta? ;:

Á sér krummi ýfði stél,
 einnig brýndi gogginn vel,
 ;: flaug úr fjallagjótu. ;:
 Lítur yfir byggð og bú,
 á bæjum fyrir en vakna hjú;
 ;: veifar vængjum skjótum. ;:

Sálaður á síðu lá
 sauður feitur garði hjá,
 ;: fyrrum frá á velli. ;:
 „krunk, krunk! nafnar, komið hér,
 krunk, krunk! því oss búin er
 ;: krás á köldu svelli. ;:

Það er mjög gaman að útsetja þetta lag því það þarf ekki nema einn hljólm í undirspil. Lagið hentar mjög vel í rafmagnað samspil þar sem undirspilið getur verið einfalt. Orff hljóðfærin henta einnig mjög vel fyrir þetta lag. Í möppunni *Það var lagið* er útsetning fyrir tréspil á þessu lagi. Það gæti verið gott að skoða hana áður en þetta lag er útsett á tréspil.



Tónfræðihornið:

Hvað heitir þetta merki og hvað þýðir það?



Hljóðfæri fyrir útsetningar:

Hvaða hljóðfæri má þá nota til að útsetja þjóðlög? Svarið við þessari spurningu er mjög einfalt, allt er leyfilegt. Það fer bara eftir laginu sem á að útsetja og aðstæðum þess sem útsetur. Rafmagnshljóðfæri, orff hljóðfæri, píanó, fiðlur, klarínnett, tölvur og nánast allt sem manni dettur í hug. Þá getur einnig verið spennandi kostur að prófa að nota eingöngu hryn hljóðfæri og syngja laglínuna, það getur verið fljótlegra en að læra línurnar á laglínu hljóðfæri. Einnig getur verið krefjandi og skemmtilegt að nota ekki hljóðfæri, nota bara kroppaklapp og búkhljóð. Eins og sagði hér að ofan þá eru engin takmörk fyrir því sem má gera ef laginu er sýnd virðing og að síðustu er það ágæt þumalputtaregla að oft er minna meira.



Orðabókin:

Hvað þýðir orðið *drösull*?

Þessi texti er oftast sunginn við annað lag eftir Sigvalda Kaldalóns. Þjóðlagið má hins vegar ekki gleymast og því er kjörið að kenna hvorutveggja.



CD 1 - nr. 13

CD 2 - nr. 15

Grímur Thomsen **Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn** Íslenskt þjóðlag

Em C D G H Em H

Ríð - um, ríð - um, rek - um yf - ir sand - inn, renn - ur sól á bak við Arn - ar -
hér á ___ reiki' er marg - ur ó - hreinn and - inn úr því fer að skyggja' á jök - ul

8 Em G

fell;
svell. Drott - inn leið - i drös - ul - inn minn,

13 H Em H Em

drjúg - ur verð - ur síð - ast - i á - fang - inn.

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga á Herðubreið.
Álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki er gott að verða á hennar leið.
:; Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í kiðagil.;

Þei þei! þei þei! þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.
:; Útilegumenn í Ódádahraun
eru kannski að smala fé á laun.;

Af því að við þekkjum þennan texta við annað lag gæti verið áhugavert að prófa að semja nýjan texta við þetta lag. Athugið að það er ekki auðvelt að semja nýjan texta við lag, textinn verður að falla vel að laginu og því er nauðsynlegt að læra lagið vel. Reynið líka að láta efnislegt innihald textans passa við lagið. Fylgiskjal sex er gott að fylla út áður en hafist er handa við textagerð.



Tónfræðiihornið:

Hvað táknar þetta merki?



Stílar:

Tónlist í dag er svo fjölbreytt að það er erfitt fyrir einn mann að þekkja alla stíla hennar auk þess sem að þeim fjölgar dag frá degi. Mannkynið virðist hafa einhverja þörf fyrir að útskýra allt út í ystu æsar. En hvað sem því líður þá þekkja flestir þessa helstu stíla sem talað er um dagsdaglega eins og rokk, jass, klassíska tónlist, rapp, blús, popp, reggí og margt fleira. Þegar maður útsetur þjóðlag er gott að huga fyrst að því í hvaða stíl maður vill gera það. Það gæti verið spennandi kostur fyrir kennara að nota eitt þjóðlag en skipta nemendum upp í hópa og láta þá útsetja í mismunandi stílum. Þannig sjá nemendur glögglega hversu miklu máli stíllinn skiptir fyrir áferð lagsins.

Í bókinni *Hljóðspor* eftir Pétur Hafþór Jónsson er farið yfir einkenni margra stíla dægurlagatónlistar og það getur verið gott að skoða hana til að fræðast um mismunandi stíla. Einnig má finna margt á netinu sem getur nýst vel, sérstaklega um þá stíla sem eru nýrri eins og rapp, pönk, þungarokk og ýmsa aðra stíla sem lítið er minnst á í bókinni hans Péturs. Þá má líka nefna bókina *Eru ekki allir í stuði* eftir Gunnar Hjálmtýsson. Í þessari bók fer Gunnar, eða Dr. Gunni eins og hann kallar sig, yfir rokksögu Íslands frá upphafi rokksins til ársins 2000.



Orðabókin:

Hvað merkir að vera frækilegur?

Þetta lag er mjög líkt laginu *Komdu nú að kveðast á* sem er framar í þessari bók enda er það frummyndin af laginu en þetta er útsetning Jóns Leifs sem er eitt af okkar allra helstu tónskáldum (Gylfi Garðarsson 1993:22).



CD 1 - nr. 14

CD 2 - nr. 16

Íslenskt þjóðvísa

Dýravísur

Íslenskt þjóðlag

A

C F G

Han - i, - krumm - i, hund - ur, svín, hest - ur, mús titt - ling - ur

5 C F G C

gal - ar, - krunk - ar, - gelt - ir, hrín, geggj - ar, tíst - ir, - syng - ur.

Verður ertu víst að fá

B

G C

Verð - ur ert - u - víst að fá vís - u gaml - i - jarp - ur.

14 G C

aldr - ei hef - ir - fall - ið frá fræk - i - legr - i - garp - ur

Þar sem þetta lag er í breytilegum takti eða íslenskum víxltakti getur verið skemmtilegt að vinna útsetningu á hrynhljóðfæri og syngja eða spila laglínuna á tréspil. Aftast í bókinni *Nýir skólasöngvar* eru skráð niður nokkur hrynmynstur sem gæti verið gott að skoða ef það vantar hugmyndir að tóktum. Einnig eru nokkrir trommutaktar í fylgiskjali þrjú. Ef ykkur langar til að vinna meira með íslenskan víxltakt má benda á lagið *Siglingavísur*.



Tónfræðihornið:

Hvað táknar þetta merki?



Þjóðlagasetrið:

Á Siglufirði er starfrækt Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar. Það er til húsa í Maddömmuhúsi en þar bjó einmitt séra Bjarni ásamt konu sinni og börnum fyrstu árin á Siglufirði. Í Þjóðlagasetrinu



Íslensk fiðla í eigu Arnar Magnússonar
er hægt að hlusta á gamlar upptökur af þjóðlögum, skoða myndir frá liðinni tíð, sjá gömul hljóðfæri og fræðast um íslensk þjóðlög.

Á Siglufirði er haldin þjóðlagahátíð sumar hvert. Þar er hægt að fara á ýmis námskeið tengd þjóðlögum og þjóðlegum fræðum alls konar sem og fjöldann allan af tónleikum með hljómsveitum sem flytja þjóðlög í ýmis konar útsetningum. Þessi hátíð er þó ekki eingöngu miðuð við íslensk þjóðlög þó svo að þau séu aðalatriðið, þjóðlög annarra landa fá einnig að njóta sín. Þessi blanda gefur hlustendum einmitt færi á að bera saman þjóðlög ólíkra landa sem getur verið mjög áhugavert.



Orðabókin:

Hvað þýðir orðið *mæða*?

Það er ekki hægt að fullyrða að þetta lag sé þjóðlag því það hafði hvergi sést fyrr en Sveinbjörn Sveinbjörnsson gaf út útsetningar á nokkrum þjóðlögum (Gylfi Garðars-son 1993:84). Það hefur hins vegar alltaf verið kallað þjóðlag og því læt ég það fylgja með



CD 1 - nr. 15

CD 2 - nr. 17 og 18

Jóhann Sigurjónsson

Sofðu, unga ástin mín

Íslenskt þjóðlag

Am E7 Am E7 Am

Sofðu, ung-a ást-in_ mín, út - i regn-ið græt - ur. Mamm-a geym-ir

6 G7 C E7 Am Dm E

gull - in_ þín, gaml - a leggi' og völ - u skrin.

9 Am Dm E E7 Am

Við skul-um ekk - i vaka' um dimm - ar næt - ur.

Sofðu lengi, sofðu rótt,
seint mun best að vakna.
meðan kenna mun þér fljótt,
meðan hallar degi skjótt,
að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.

Það er margt sem myrkrið veit,
minn er hugur þungur.
Oft ég svartan sandinn leit
svíða grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Þetta fallega lag gæti verið gaman að útsetja fyrir raddir. Það þarf ekki að vera flókin kórútsetning í mörgum röddum. Hugsanlega væri hægt að skipta nemendum upp í þrjá hópa. Einn hópurinn myndi syngja laglínuna, annar hópur gæti sungið laglínuna veikt undir á sérhljóðanum ú. Annað hvort alla laglínuna eða brot úr henni og annað hvort á sömu tónum eða raddað. Þriðji hópurinn gæti svo gert umhverfishljóð, hermt eftir vindi og regni svo dæmi séu tekin.



Tónfræðihornið:

Hvað þýðir svona bogi á milli nótna?




Tölvur:

Flestum börnum og unglíngum finnst gaman að leika sér og vinna í tölvum. Því er um að gera að nýta sér tölvur í tónmenntakennslu. Í dag er til fjöldinn allur af tónvinnsluforritum sem mörg hver eru mjög einföld í notkun. Þessi forrit er bæði hægt að nota til að taka upp tónlist og til að semja tónlist. Forrit eins og Garage band, sem fylgir Machintosh tölvum, hentar mjög vel í slíka vinnu. Það er auðvelt að búa til undirspil með hljóðbútum sem fylgja forritinu og taka upp midi hljómborð og svo jafnvel söng yfir. Þá er einnig hægt að taka upp beint það sem er búið að útsetja á hljóðfæri eða fyrir söng. Garage band er mjög einfalt í notkun og þess vegna er þess



sérstaklega getið hér. Auðvitað er til fjöldinn allur af öðrum forritum sem henta ekki síður og jafnvel betur. Fyrir þá sem vilja kynna sér betur möguleika tölvunotkunar í tónmenntakennslu er bókin *Tölvur og tónlist* eftir Flosa Einarson mjög góð. Þessi bók tekur á því helsta sem þarf að hafa í huga við þess háttar vinnu og inniheldur skemmtileg verkefni. Það er ágætt að hafa það í huga að ef það er til tölva í tónmenntastofunni þá er mjög gott að taka allar útsetningar upp hvort sem að þær eru góðar eða ekki. Þetta þurfa ekki að vera góðar upptökur, aðalatriðið er að eiga það sem að gert hefur verið ef maður vill skoða það síðar. Það er hægt að fá frí upptökuforrit á netinu ef maður á þau ekki til. Audacity er til dæmis ágætis forrit sem er hægt að hlaða frítt niður af veraldarvefnum.

 **Orðabókin:**
Hvað er *kviaból*?

Þetta mjög svo fallega lag er hér sett upp með þremur vísum. Það eru þó til fleiri vísur við það en þessar þóttu mér fallegastar.



CD 1 - nr. 16

CD 2 - nr. 19 og 20

Íslensk þjóðvísa

Kvöldu tekur sest er sól

Íslenskt þjóðlag

Em Am H Em C D

Kvöld - a tek - ur sest - er sól, síg - ur þoka' á dal -

8 G Am Em Am

inn. Komi - ið er heim á kví - a -

12 C D Em Am H

ból kýrn - ar féð og smal - inn

Senn er komið sólarlag,
sendi' oss drottinn friðinn,
og svo gefi annan dag
eftir þennan liðinn.

Senn er komið sólarlag,
sést á norðurtindum,
líður á þennan dýrdardag;
drottinn stýri vindum.

Hér gæti verið áhugavert að nota tölvur til að útsetja. Þeir sem að hafa aðgang að forritum eins og Garage band geta notað hljóðbútatæknina til að semja undirspil. Síðan er hægt að taka upp sönginn. Einnig er hægt að nota midi hljómborð til að spila beint inn í forritið. Þeir sem ekki hafa mikil tækni á tölvutækninni er bent á að skoða bókina *Tölvur og tónlist*.



Tónfræðihornið:

Hvað táknar punktur á eftir nótu?



Myndbönd:

Þegar það er búið að gera góða útsetningu af þjóðlagi og taka hana upp gæti verið skemmtilegt að búa til tónlistarmyndband við lagið. Vinna við tónlistarmyndbönd þarf alls ekki að vera flókin og tímafrek. Það fer allt eftir því hversu miklum tíma kennarar vilja verja í slík verkefni. Eitt má þó ekki gleymast og það er að myndbandagerð er ekki bara leikur. Í gegnum slíka vinnu fer heilmikið nám fram og því er alveg óhætt að eyða smá tíma í það. Þó er það spurning hvort að það sé endilega hluti af tónmennt að gera myndbönd. Á þetta verður ekki lagt mat hér en það getur líka vel hugsast að gera myndbönd í samvinnu við upplýsingatæknikennara þar sem myndbandagerð er kannski meira inni á þeirra sviði.

Hvað sem því líður þá er áhugavert að gera myndbönd og þegar þau eru gerð er nauðsynlegt að hafa góðan skilning á texta lagsins svo það sé hægt að tvinna söguþráð myndbandsins við lagið. Þó er ekki nauðsynlegt að myndbandið segi nákvæmlega sömu sögu og lagið. Aðalatriðið er að nota ímyndunaraflíð og gera skemmtilegt myndband sem maður getur verið stoltur af. Í bókinni *Tölvur og tónlist* eftir Flosa Einarsson, sem áður hefur verið minnst á, er fjallað töluvert um myndbandagerð. Þessa bók getur verið fróðlegt að skoða áður en lagt er af stað í myndbandagerð. Einnig má benda á bókina *Leiklist í kennslu* eftir þær Ásu Helgu Ragnarsdóttir og Önnu Jeppesen. Sú bók inniheldur mörg dæmi um leiklistaraðferðir og æfingar sem geta nýst vel í leikrænum undirbúningi. Fylgiskjal átta er gott að fylla út áður en myndband er gert.



- Orðabókin:

Hvað er að vera nafni einhvers?

Hérna er svo annað lag um krumma og lífsbaráttu hans í harðbýlu landi. Takið eftir að þetta lag er með mun léttari tilfinningu en hitt krummalagið.



CD 1 - nr. 17
CD 2 - nr. 21-23

Krummi krunkar úti

Íslensk þjóðvísa

Íslenskt þjóðlag

G Am D G G

Krumm-i krunk ar út - i, kall-ar á nafn-a sinn: Égfann höf-uð af

6 Am D G

hrút - i, hrygg og gær - u skinn. Komd-u nú og kropp-að-u með mér,

11 D G G

krumm - i nafn - i minn. komd - u nú og

14 D G

kropp-að - u með mér krumm - i nafn - i minn.

Fyrr í bókinni er bent á að gaman væri að semja nýja texta við lög. Nú gæti verið fróðlegt að prófa að semja nýtt lag við þennan texta. Þetta má gera á margvíslegan hátt og best er að velja aðferð miðað við getu nemenda og kennara. Gott væri ef lagið gæti verið eins ólíkt upprunalega laginu og hægt er. Það að semja lag þarf ekki endilega að vera flókið. Til að mynda mætti finna raptrommutakt í hljóðbútaforriti eða tromma hann á trommusett og rappa textann yfir. Þá gæti einnig hugsast að nota eitthvað lag sem er til og fella textann að því.

Skoðið fylgiskjal sjö áður en þið byrjið lagasmíðarnar.



Tónfræðihornið:

Hversu stórt er þetta tónbil?



Áframhaldandi vinna:


Eins og áður hefur verið sagt er þessi bók langt frá því að vera tæmandi listi yfir þjóðlög og fræðslu þeim tengdum. Ef áhugi er fyrir hendi á áframhaldandi vinnu með þjóðlög má benda á margskonar efni sem gæti nýst vel. Bókin *Íslensk þjóðlög* eftir séra Bjarna ætti helst að vera til í öllum skólum. Þar er hægt að finna margt sem áhugavert væri að vinna með. *Námsefni eitt til fimm*, sem var gefið út af Námsgagnastofnun fyrir mörgum árum, geymir mörg þjóðlög og fróðleik um þau. *Komdu nú að kveðast á* er lítil bók sem hefur að geyma tuttugu og fimm þjóðlög í kóraútsetningum. *Íslensk þjóðlög* eftir Engel Lund inniheldur þrjátíu og sex þjóðlög í útsetningu fyrir píanó og söng. Kvæðamannafélagið Iðunn gaf út bókina *Silfurplötur Iðunnar* sem í er fjöldinn allur af kvæðalögum auk þess sem þessari bók fylgja geisladiskar með gömlum upptökum af mönnum að kveða lög sem þeir lærðu munnlega. Á þessum plötum má heyra ómengað form munnlegrar geymdar, það er að segja þjóðlög sem menn hafa lært mann fram af manni munnlega.

Þetta er auðvitað bara brot af því efni sem til er um íslensk þjóðlög. Það getur einnig verið áhugavert að skoða hvað er til af geisladiskum með þjóðlögum og athuga hvað er hægt að finna á netinu, t.d. á *tonlist.is* og *musik.is*. Þegar búið er að vinna töluvert með íslensk þjóðlög getur verið spennandi kostur að snúa sér að þjóðlögum annarra landa og bera þau saman við íslensk þjóðlög.


























Að lokum vil ég til gamans nefna nokkur þjóðlög sem hefði verið gaman að hafa í bókinni og gæti vel hugsast að nota þau í stað einhverra laga ef kennarar vilja breyta til. Lögin eru: *Siglingavísur*, *Vísur Vatnsenda-Rósu*, *Ljósið kemur langt og mjótt*, *Ó mín flaskan fríða*, *Hættu að gráta hringaná*, *Nú er ég glaður á góðri stund*, *Veröld fláa sýnir sig*, *Stóðum tvö í túni*, *Góð börn og vond*, *Það á að strýkja stráklung*, *Vatnsdælingastemma* og *Góða veislu gjöra skal*. Þessi listi er ekki byggður á neinum vísindalegum rökum heldur eingöngu ætlaður til að gefa smá hugmynd um lög sem má nota ef það á að halda áfram að vinna með íslensk þjóðlög.

Fylgiskjöl

Píanóhlyómar



Gítarhljómar



3

Dæmi um nokkra trommutakta

Þetta er dæmi um einfaldan rokktakt og ef hann er spilaður hratt er þetta pönktaktur.

Hi hat ———

Sneriltromma ———

Bassatromma ———

Hér er svo dæmi um einfaldan diskótakt.

Hi Hat $\frac{\text{Opinn}}{\text{Lokaður}}$

Sneriltromma ———

Bassatromma ———

Hér er svo dæmi um klappleik til að leggja inn reaggie takt.

Klapp $\frac{4}{4}$

Stapp $\frac{4}{4}$

Að lokum er svo dæmi um reaggietakt.

Sneriltromma

Bassatromma

Skrapa

Congatrommur

Hljómar í blús í E – dúr

Á hverjum hljómi eru talin fjögur slög

E E E E

A A E E

B A E E (B)

Í staðinn fyrir seinasta E-ið má spila B. Það setur skemmtilegan svip á blúsinn. Til að gæða þennan blús aðeins meiri blústillfinningu er gott að spila lögin sem sjöundarhljóma, E verður þá E7, A verður A7 og B verður B7. Langi einhvern að gera sóló yfir þennan blúsundirleik er eftirfarandi blús tónstigi nauðsynlegur. **E, G, A, Bb, B, D.** Þessa tóna er hægt að spila nánast hvernig sem er yfir undirspilið og það hljómar yfirleitt mjög vel.

Nafn:

Hvaða lag á að útsetja?

Höfundur texta? (ef einhver er)

Upplýsingar um lagið:

Hvaða hljóðfæri á að nota?

Á að syngja eða spila laglínu?

Hugmyndir að útsetningu:

Hvernig tókst til?

Nafn:

Við hvaða lag á að semja nýjan texta?

Hver samdi upprunalega textann?

Um hvað er upprunalegi textinn?

Um hvað á nýi textinn að vera?

Hvernig tókst til?

Nafn:

Við hvaða texta á að semja nýtt lag?

Hvaða tilfinning er í gamla laginu?

Hvaða tilfinning á að vera í nýja laginu?

Hvaða hljóðfæri verða notuð?

Í hvaða stíl á nýja lagið að vera?

Hvernig tókst til?

Myndbönd

Nafn:

Við hvaða lag á að gera myndband?

Hver samdi texta lagsins? (ef einhver)

Um hvað er textinn?

Hvað þarf að koma fram í myndbandinu?

Hvaða tilfinning er í laginu og á hún að koma fram í myndbandinu?

Hugmyndir að myndbandi:

Hvernig tókst til?

Hlustunarefni

Diskur eitt:

1. Nú vil ég enn í nafni þínu: *Spilað á Langspil af Erni Magnússyni*
2. Blástjarnan: *Spilað á langspil af Erni Magnússyni*
3. Hljóðdæmi: *Leikið á íslenska fiðlu. Spilamaður Örn Magnússon*
4. Hljóðdæmi. *Spilað á symfón: Spilamaður Örn Magnússon*
5. Nú vil ég enn í nafni þínu: *Laglína*
6. Blástjarnan: *Laglína*
7. Komdu nú að kveðast á: *Laglína*
8. Ásu kvæði: *Laglína*
9. Ísland farsælda frón: *Laglína*
10. Einsetumaður einu sinni: *Laglína*
11. Móðir mín í kví kví: *Laglína*
12. Krummi svaf í klettagjá: *Laglína*
13. Ríðum ríðum rekum yfir sandinn: *Laglína*
14. Dýravisur: *Laglína*
15. Sofðu unga ástin mín: *Laglína*
16. Kvöldu tekur sest er sól: *Laglína*
17. Krummi krunkar úti: *Laglína*

Hlustunarefni

Diskur tvö:

1. Nú vil ég enn í nafni þínu: *Hljómsveitin Himinlifandi í áfanganum Tölvur og rafmagnað samspil. Haust 2008.*
2. Nú vil ég enn í nafni þínu: *Gunnar Gunnarsson af hljómplötunni Hrím.*
3. Blástjarnan: *Ragnheiður Gröndal af hljómplötunni Þjóðlög.*
4. Blástjarnan: *Hamrahlíðarkórinn af hljómplötunni Íslensk þjóðlög. Raddsetning Jón Þórarinsson.*
5. Komdu nú að kveðast á: *Útsetning Samúel Þorsteinsson.*
6. Ásu kvæði: *Anna Pálína og Draupner af hljómplötunni Sagnadansar.*
7. Ísland farsælda frón: *Hljómsveitin Þáski í áfanganum Tölvur og rafmagnað samspil. Haust 2008*
8. Ísland farsælda frón: *Voces Thules af hljómplötunni Íslandsklukkur*
9. Einsetumaður einu sinni: *Hinn íslenzki Þursaflokkur af hljómplötunni Nútíminn.*
10. Einsetumaður einu sinni: *Engel Lund og Ferdinand Rauter af hljómplötunni Íslensk þjóðlög.*
11. Móðir mín í kví kví: *Hljómsveitin Hvar er Styrmir í áfanganum Tölvur og rafmagnað samspil. Haust 2008*
12. Móðir mín í kví kví: *Gerður Bolladóttir af hljómplötunni Fagurt er í fjörðum.*
13. Krummi svaf í klettagjá: *Götusmiðir af hljómplötunni Í upphafi skal....*
14. Krummi svaf í klettagjá: *Guitar Islancio af hljómplötunni Scandinavians songs.*

11

15. Á Sprengisandi: *Ríó tríó af hljómplötunni Á þjóðlegum nótum.*
16. Dýravisur: *Nemendur í áfanganum Trommusláttur og kroppaklapp. Haust 2008 (a.t.h. frekar léleg upptaka).*
17. Sofðu unga ástin mín: *Mugison úr kvikmyndinni Mýrin.*
18. Sofðu unga ástin mín: *Ragnheiður Gröndal af hljómplötunni Þjóðlög.*
19. Kvölda tekur sest er sól: *Eddukórinn af hljómplötunni Íslensk þjóðlög.*
20. Kvölda tekur sest er sól: *Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir af hljómplötunni Hvað á að gera?*
21. Krummi krunkar úti: *Guitar Islancio af hljómplötunni Scandinavian songs.*
22. Krummi krunkar úti: *Gísli Helgason af hljómplötunni Flautað fyrir horn.*
23. Krummi krunkar úti: *Þuríður Pálsdóttir og Jórunn Viðar af hljómplötunni Fljúga hvítu fiðrildin.*

Rétt er að geta þess að hljómplatan *Íslensk þjóðlög* er nefnd hjá nokkrum listamönnum, þetta er ekki alltaf sama platan heldur nokkrar með sama nafni.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Bára Grímsdóttir. 2007. „Þjóðlög, söng og spilamáti - útsetningar.“ Samantekt fyrir námskeiðið í Útsetningum á Þjóðlögum á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði. Óútgefið efni, Reykjavík.
- Bjarni Þorsteinsson. 1906 - 1909. *Íslensk þjóðlög. Safn séra Bjarna Þorsteinssonar*. Siglufjarðarprentsmiðja hf., Siglufjörður.
- Gunnsteinn Ólafsson. 2006. *Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar*. (Sýningaskrá). Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar, Siglufjörður.
- Gylfi Garðarsson. 1993. *Sígild sönglög 1*. Nótuútgáfan, Reykjavík.
- Lund, Engel og Rauter, Ferdinand. 1998. *Íslensk þjóðlög. Icelandic Folksongs*. Ísalög, Reykjavík.
- Pétur Hafþór Jónsson, Helga Jóhannsdóttir, Herdís H. Oddsdóttir, Guðfinna Dóra Ólafsdóttir, Hlín Torfadóttir, Njáll Sigurðsson, Sverrir Kjartansson, Ríkhartur Örn Pálsson og Páll Þorsteinsson. 1983. *Tónmennt 4. hefti. Kennslubók*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Smári Ólason. 2004. „Organ, trómet og harpan söng. Hljóðfæri og tónlistariðkun fram á 19. öld“. *Hlutvelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*, bls. 373-381. Ritstjórar Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.